


MÁLSTEFNA

Leikskólinn Sólvellir



Kunnátta í íslensku er forsenda farsællar skólagöngu og þátttöku í íslensku samfélagi, en móturmál fjöltyngdra barna er undirstaða tengsla þeirra við foreldra, ættingja og vini á Íslandi og í öðrum löndum.

Í leikskólanum Sólvöllum er fjölmenning höfð að leiðarljósi. Við berum virðingu fyrir uppruna og tungumálum allra, en leggjum jafnframt áherslu á að innan veggja skólans sé töluð íslenska.





BIRTINGARMYND INNAN VEGGJA LEIKSKÓLANS

- Við tölum íslensku í störfum okkar, erum fyrirmyndir, vöndum mál okkar og notum fjölbreyttan orðaforða.
- Erlent starfsfólk er sífellt að efla eigin íslensku kunnáttu og er meðvitað um að það er fyrirmynd fyrir fjöltyngd börn og aðra erlenda foreldra.
- Samskipti milli barna og starfsfólks fara fram á íslensku.
- Við notum vandað námsefni á íslensku, þ.e. bækur, myndefni og annað námsefni.

BIRTINGARMYND INNAN VEGGJA LEIKSKÓLANS

- Við setjum orð á allar athafnir.
- Sjónrænt skipulag á öllum deildum.
- Samverustundir á hverjum degi, þar sem eru sungin lög, farið með vísur.
- Unnið markvisst eftir tímalínu þar sem unnið er með Lubbatákn vikunnar með ýmsum hætti t.d. vísur, ljóð, spil, þulur og leiki.
- Hvetjum til lesturs, bæði heima og í leikskóla.

